

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 7-2015

Tími: Mánudagur 31. ágúst 2015, kl. 14:00, Fundarsalur Nautaflatir, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson og Bjarni Stefánsson. Helena Guttormsdóttir og Þórdís Þórarinsdóttir voru í fjarfundi. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi. Áslaug Helgadóttir, aðstoðarrektor, ritaði fundargerð.

### 1. Almennar fréttir af starfsemi skólans.

Alls hafa 352 nemar greitt innritunargjöld af þeim 370 sem rétt áttu á skólavist á haustönn. Nýnemar eru 33 í búfræði og 55 á háskólabrautum. Í starfsmenntanámi eru nú innritaðir 160 nemendur, í BS námi 151 og í meistara- og doktorsnámi samtals 41 nemandi.

Á vettvangi samstarfsnets opinberu háskólanna er verið að undirbúa sameiginlega ráðningu námsráðgjafa HÍ, HH, og Lbhí í skiptingunni 50-25-25.

Gengið hefur verið frá bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins um endurnýjað leyfi til doktorsnáms. Þarna hefur orðið handvömm í samskiptum við ráðuneytið því svo virðist að það hafi farið framhjá ráðuneytinu að við skólinn hafi gengið frá aðild að Miðstöð framhaldsnáms við HÍ.

Verið er að vinna skýrslu vegna innri úttektar á námsbrautum í umhverfisskipulagi og meistaranaámi í skipulagsfræði undir stjórn Gæðaráðs háskóla. Brita Berglund er verkefnisstjóri og Anne-Katrine Geelmuyden, prófessor í landslagsarkitektúr við NMBU í Noregi er ytri sérfræðingur og er hún væntanleg til landsins seinni partinn í september. Stefnt er að því að skýrslan verði tilbúin í október.

Ráðnir hafa verið nýir starfsmenn í fastar stöður: Charlotta Oddsdóttir, lektor í líffræði búfjár, Edda Ívarsdóttir, lektor í umhverfisskipulagi og Jóhannes Kristjánsson kennari í búfræði. Hrafnhildur Baldursdóttir hefur verið ráðin í hlutastarf tímabundið við tilraunastöðina á Stóra-Ármóti.

Samningur vegna leigu á Hestsbúinu auk viðauka er nú tilbúinn til undirritunar og stefnt er að því að hann verði undirritaður hið allra fyrsta. Ráðnir hafa verið nýir starfsmenn að Hvanneyrarbúinu (áður Grímshaga), þeir Egill Gunnarsson bústjóri og Hafþór Finnþogason fjósameistari.

Í kjölfar friðlýsingar gömlu Hvanneyrartorfunnar hefur rektor ritað ráðuneytinu bréf þar sem óskaðar er eftir rýmkuðum ramma um 20 m.kr. til þess að mæta leigu til Ríkiseigna auk 11 m.kr. til þess að endurnýja þakið á Hestaréttinni sem hýsa á félagsaðstöðu nemenda. Nýir rekstraraðilar hafa tekið við þar, þau Bryndís Geirsóttir og Guðni Páll Sæmundsson í Árdal.

Verið er að ganga frá bréfi til ráðuneytisins með ósk um heimild til að leigja út fasteignir. Ríkiskaup myndi síðan bjóða út leiguna fyrir hönd skólans í samstarfi við Ríkiseignir og Fjársýluna. Sérstaka aðgát þarf varðandi jafnræði aðila og samkeppnislög.

Framkvæmdir á vegum Ríkiseigna hafa verið í fullum gangi í sumar. Eldhúsið í Ásgarði á Hvanneyri var tekið í gegn í vor sem leið og nýr þreksalur og böð verða tekin í notkun í kjallara Ásgarðs í haust. Nú standa yfir lagfæringer á tilraunastöðinni á Korpu en þar verður einungis tekið á brýnustu lekavandræðum að þessu sinni. Haldinn var fundur í síðustu viku með Ríkiseignum varðandi samskipti Lbhí og ríkiseigna og þar var ákveðið að haldinn yrði fundur á hverju hausti um framkvæmdaáætlun komandi árs.

Óli Páll Einarsson hefur tekið við rekstri mötuneytisins á Hvanneyri ásamt konu sinni.

## 2. Sex mánaða fjárhagsstaða rekstrar skólans

Leiðrétt áætlun hefur verið send inn þar sem mætt hefur verið kröfum ráðuneytisins um skil á 20 m.kr. í lok ársins. Hún hefur nú verið samþykkt af hálfu ráðuneytisins. Staðan eftir sex mánuði er góð og er rekstrarafgangur 6 m.kr. umfram skilakröfu ráðuneytisins auk þess sem greiðslur frá utanríkisráðuneyti vegna landgræðsluskólans og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna rannsóknasamnings hafa ekki skilað sér að fullu.

Ráðsmenn lýstu yfir áhyggjum af stöðu endurmenntunar og lögðu áherslu á að leitað yrði leiða til þess að efla hana ef þess er nokkur kostur.

## 3. Starfsreglur, reglur vegna stofnanasamnings FPR

Kynnt voru drög að reglum um kennsluafslátt, rannsóknaleyfi og ferðir erlendis v/ stofnanasamnings við FPR. Ákveðið var að setja inn endurskoðunarákvæði svo unnt væri að endurskoða þær innan tveggja ári væri talin þörf á því. Ný útgáfa verður send út og tekin verður *per capsulam* ákvörðun í kjölfarið.

Heildarregluverk háskólans skal birta í B-deild stjórnartíðinda. Þetta hefur enn ekki verið gert. Stefnt skal að endurskoðun regluverksins og einföldun skipurits Lbhí með það að markmiði að þjappa því betur saman í starfræna heild.

## 4. Málefni nefndar um háskóla í NV kjördæmi

Vísað er til tölvupósts rektors til ráðsmanna þann 10. ágúst sl. varðandi stöðu nefndarstarfsins. Staða málssins í augnablikinu er að ekki hefur enn náðst samstaða milli þingmanna og sveitarstjórnarmanna um meirihlutalokaálit nefndarinnar. Staðan er því óljós.

## 5. Kall mennta- og menningarmálaráðuneytis um stefnumörkun háskóla – áherslubættir Lbhí

Þann 24.júní sl. var fundur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu um háskóla á Íslandi. Þar lagði ráðherra fram drög að grunnskýrslu stefnumótunar um háskóla sem nú er unnið að í ráðuneytinu. Ráðuneytið býður háskólunum að leggja til vinnunnar með því rýna skýrsluna og koma með ábendingar.

Skólinn hefur komið beinum athugasemendum sínum á framfæri við ráðuneytið þar sem tekið er á staðreyndavillum. Einnig býður ráðuneytið háskólunum að leggja fram tillögu að 3-5 atriðum sem stjórnendur skólanna telja að leggja skuli áherslu á í stefnumótun um háskólakerfið til næstu ára. Eftirfarandi punktar frá Lbhí voru hér lagðir fram til umræðu:

1. Horft verði til háskólakerfisins á Íslandi í heild þar sem öflugt samstarfsnet skóla auðveldi samstarf og samlegð milli eininga, sérstaklega með það í huga að smærri stofnanir geti sótt afl og stoð til þeirra stærri. Samstarfsnet opinberra háskóla verði eftt og þróist áfram til að sinna þessum markmiðum.
2. Háskólar sem sinna þróngum sérsviðum sem ekki er hægt að leggja stund á við aðrar menntastofnanir sé gert kleift að reka fámennar námsbrautir og sérhæfð rannsóknasvið með skírskotun til þjóðarhagsmunar varðandi öflun, viðhald og miðlun þekkingar á fræðasviðinu.

Þetta eigi sérstaklega við um sérsvið sem varðar sérlenskan raunveruleika á borð við íslenska auðlindanýtingu og íslenska náttúru, eða tengist íslenskri menningu eða lagaumhverfi með sérstökum hætti. Í forgangsröðun fámennra sérsviða kemur fremur til greina að gefa eftir svið sem auðvelt er að öllu leyti að sækja nám í til útlanda.

3. Háskólar sem reka víðtækari starfsemi en þá sem í þróngum skilningi tilheyrir hefðbundnu háskólastarfi fái viðurkenningu á þeim kostnaði sem af þeim verkefnum hlýst, svo sem af rekstri skólastarfsemi á framhaldsskólastigi, menningarminja, eða sérstakri þjónustu, t.d. upplýsingar við atvinnuvegi o.s.frv. Háskólar sem reka dreifðar starfsstöðvar fái auk þess viðurkenningu á þeim kostnaði og því óhagræði sem af því hlýst í fjárveitingum.

4. Stefnumörkun háskóla fari fram á grundvelli faglegra sjónarmiða með gæði háskólastarfsins í fyrirrúmi. Öflugt rannsóknastarf verði hornsteinn og grundvöllur háskólastarfs.

5. Skapaður verði sameiginlegur vettvangur framhaldsnáms (graduate school) allra (opinberra) háskóla undir merkjum Miðstöðvar framhaldsnáms.

#### *6. Samstarf við HÍ um skipulagsfræði*

Skipulagsfræðin við Lbhí er rekin á litlum mannafla. Greining sýnir að nauðsynlegt er að skapa betri tengingar inn í stærra fagumhverfi. Því hefur verið velt upp þeim möguleika að leita eftir nánara samstarfi við HÍ. Þar hafa orðið viss kynslóðaskipti, m.a. hefur komið til starfa nýr fræðimaður frá útlöndum við umhverfis- og byggingaverkfræðideild sem getur lagt þarna gott til málanna. Með tengingu við Lbhí væri einnig hægt að tengja saman aðila innan HÍ í þeirri deild við umhverfis- og lífvísindadeild.

Nauðsynlegt er að fylgja málinu eftir sem leiðir til nánari greiningar og niðurstöðu. Rektor Lbhí og sviðsforseti verkfræði- og náttúrvíndasviðs HÍ munu skipa vinnuhóp sem fær það verkefni að skila tillögum að nýrri námslínu í skipulagsfræði sem yrði samstarf milli skólanna.

#### *7. Önnur mál*

Dagsetningar fyrir fundi fram að jólum:

Föstudaginn 25. september kl. 11-15 á Hvanneyri (brottför frá Keldnaholti kl. 11).

Föstudaginn 30. október, kl. 14-16 á Keldnaholti nóvember kl. 14-16 á Keldnaholti

Fimmtudaginn 26. nóvember, kl. 14-16 á Keldnaholti

Föstudaginn 18. desember, kl. 14-16 á Keldnaholti

#### *8. Næsti fundur*

Föstudaginn 25. september kl. 11-15 á Hvanneyri (brottför frá Keldnaholti kl. 11).

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10.